

## Kasína

Tveir spila.

Stokkið spilin. Annar gefur hinum fyrst 3 spil, sjálfum sér 3 spil, leggur 2 upp í loft á borðið, hinum 2 spil, sjálfum sér 2 spil og leggur aftur 2 upp í loft á borðið. **Pá er hvor með 5 spil og 4 spil snúa upp í loft á borðinu.** Afgangurinn af spilunum er geymdur og gefinn þegar báðir eru búin með spilin sem þeir fengu á hendina.

### **Spilið**

Sá byrjar að gera sem gaf ekki. Hann má taka eins mörg spil úr borðinu og hægt er með einu spili sem hann hefur á hendi. Í einni umferð má taka öll þau spil sem samanlögð gefa gildi spilsins sem valið er að nota.

**Dæmi:** Áttu má taka með áttu. Sex og áttu má taka með ás og einnig önnur þau spil sem gefa summuna 14, svo sem gosa og þrist eða ás, tíu og tvist. Þetta kallast **slagur** og sá sem gerði setur spilin í bunka fyrir framan sig og safnar í hann öllum slögunum sínum. Sá sem ekki gaf á að gera fyrstur og svo er skipst á að gera. Þegar öll spilin eru búin af hendinni er gefið aftur eins og áður nema að engin spil eru sett upp í loft á borðið. Þegar síðast er gefið verða bara 4 spil á hendi. Ef tæmist úr borðinu verður sá sem á að gera að leggja eitt spil í borðið. Hagstæðast er að ná sem flestum **spilum, spöðum og ásum** í slagina sína.

### **Gildi spilanna:**

- Ásinn getur gilt bæði 14 og 1
- Kóngurinn gildir 13
- Drottningin 12
- Gosinn 11
- Önnur spil það sem á þeim stendur t.d. gildir tían 10 o.s.frrv.

### **Stigatalning:**

**Spaða tvisturinn** kallast **litla kasína** og **tigul tían** kallast **stóra kasína**.

- Litla kasína gefur 2 stig
- Stóra kasína gefur 5 stig
- Að ná öllum spilunum úr borði á meðan spilað er (að “svippa”) gefur 1 stig
- Að ná síðustu spilunum úr borði (í lok umferðar) gefur 1 stig. Sá sem átti síðasta slag fær alltaf að hirða restina úr borðinu.
- Fleiri spaðar í bunkanum í lok spils gefa 1 stig
- Fleiri ásar í bunkanum í lok spils gefa 1 stig.
- Fleiri spil í bunkanum í lok spils gefa 1 stig.

### **Sigurvegari.**

Sá vinnur sem fyrr nær 20 stigum. Ef þau nást ekki áður en búið er að spila öllum spilunum úr stokknum eru spilin stokkuð og gefið aftur (nú gefur sá sem ekki gaf í fyrstu umferð) og spilinu lýkur ekki fyrr en annar hefur náð 20 stigum.

Góða skemmtun!